

Lítilsháttar hænsaklað gaf til kynna, að ein eða tvær hænur hefði rumskast af svefni hátt uppi á hænsatrjánnum. Strax varð aftur dauðaþögn í kolniða myrkinu. Kötturinn læddist frá drengnum, svo hann fann ekki hvar hann var, sá ekki einu sinni glæra í glyrnurnar á honum í myrkinu. Jæja, í bráðina þurfti strákur hans heldur ekki við. Hann var glorhungraður, og tók til að gjöra sér mat úr sumu af þýfinu, steinsykrinum og rúsínunum. Hann gat vel vitað, að kötturinn fengi bita með sér, en hann sá strax, að sér myndi ekki vera til neins að bjóða honum til, slíkrar máltsðar, og sagði í hálfum hljóðum.

„Nei, þú ert ekki sá köttur, að þú kærir þig um svona mat, herra Surtur!“

Drengnum fanst sér líða álika vel og þegar hann var hátt-aður ofan í rúm dauðlúinn að kvöldinu. Hann var ekki vanur við breint eða gott loft í Öreigahælinu eða frískólanum. Hið þunga og kæfandi hænsaloft, hlýindin, í stað kuldagjóstins úti og jafnvel kyrðin, urðu til að gjöra honum lífið ánægjulegt um nokkur augnablik, á meðan hann sat og bruddi steinsykur og rúsínur.

En nú þurfti hann að fá eitthvað að drekka, hann var orðinn þyrstur. Lúðvík Bólettuson var drengur, sem sjaldan varð ráðfátt. Kisa var ekki vorkennandi, hann hafði fengið bæði mjólk og rjóma.

Hann kveikti á eldspítu og tendraði ljós á einu stolna kertið, Kötturinn blés af fáti og haninn tók til að gala. Hann hreykti sér upp á hænsará til hænanna, sem sátu í röðum með nefin falin inni á milli stélfjaðranna. Hann glápti eldrauðum augum fáðæma bjánalega út í loftið, en hálskraginn hans glitrði eins og gullsaumur í rauðn silki.

Eins og kunnugt er, er lítið um varp á þeim tíma árs. Það finnast eitt og eitt egg á stangli; það vissi strákur. En hann hafði áður komið í hænsakofa, og vissi hvar hann átti að leita þeirra. Fjögur egg alls! Skárra var það óhófið, að hafa hrá egg til að eta með steinsykrinum. Meira sælgæti fengu krakkar Jörundar Rasmussenar varla, Pétur Kringilfótur og rauðhærða Elvína.